

28. SEPTEMBER
2023

HARPA
ELDBORG

Jóhann Jóhannsson og Philip Glass



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Virðulegu forsetar 2'

Sinfónía nr. 1 42'

Odi et Amo 3'

A Prayer to the Dynamo 39'

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni útgáfu Deutsche Grammophon á upptökum
á verkum Jóhanns Jóhannssonar í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands en
tónleikagestum býðst að kaupa plötuna á 2. hæð við inngang 2A.

Tónleikunum er streymt beint á streymisveitu Deutsche Grammophon,
Stage+, útvarpað beint á Rás 1 og er hluti af efnisskrá tekin upp til
sjónvarpsútsendingar 4. október á RÚV.

Jóhann Jóhannsson og Philip Glass

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 28. SEPTEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jóna G. Kolbrúnardóttir
einsöngvari

Jóhann Jóhannsson

Virðulegu forsetar (2003) (upphafsstef, úts. Daníel Bjarnason)

Philip Glass

Sinfónía nr. 1 (1992)
Subterraneans
Some Are
Warszawa

HLÉ

Jóhann Jóhannsson

Odi et Amo (2001) (úts. Daníel Bjarnason)

Jóhann Jóhannsson

A Prayer to the Dynamo (2012)
I
II
III
IV

Sinfóníuhljómsveit Íslands kann Guðna Franzsyni góðar þakkir fyrir aðstoðina við undirbúning tónleikana.

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Daníel Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli víða um heim og hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles, New York og Helsinki, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Tókýó, Gautaborg, Melbourne, Berlín, Zurich, San Francisco, London, Vín og svo mætti áfram telja. Hann hefur gefið út plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community og Sono Luminus. Meðal helstu nýlegra verka Daníels eru óperan Brothers, fiðlukonsertinn Scordatura, píanókonsertinn FEAST og slagverkskonsertinn Inferno. Nýtt verk eftir Daníel hlaut Íslandsfrumflutning sinn á upphafstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2023, en það er verkið Echo / Narcissus úr þríleiknum I Want To Be Alive þar sem Daníel veltir fyrir sér mörkum mennsku og meðvitundar í heimi gervigreindar. Daníel hefur stjórnað nokkrum hljóðritunum með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir Sono Luminus. Þannig hafa fjórar plötur útgáfunnar með íslenski tónlist í flutningi hljómsveitarinnar vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning. Daníel stjórnaði hljómsveitinni á nýjasta hljóðriti sveitarinnar með verkum Jóhanns Jóhannssonar, sem Deutsche Grammophon gaf út fyrr í mánuðinum.



Jóna G. Kolbrúnardóttir

EINSÖNGVARI

Jóna G. Kolbrúnardóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 2014. Sama haust hélt hún í framhaldsnám til Vínarborgar og sumarið 2018 lauk hún bakkalárgráðu frá Tónlistarháskólanum í Vín. Hún útskrifaðist með meistaragráðu vorið 2021 frá Óperuakademíu Konunglegu óperunnar í Kaupmannahöfn. Jóna hefur verið virk í tónlistarlífinu héraendis síðustu ár. Hún hefur komið fram sem einsöngvari á þó nokkrum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast á Klassíkinni okkar árin 2023 og 2021 og á Vínartónleikum sveitarinnar 2020. Jóna þeytti frumraun sína hjá Íslensku óperunni sem Gréta í óperunni „Hans og Gréta“ árið 2018. Hún fór með sitt fyrsta hlutverk við Konunglegu óperuna í Kaupmannahöfn haustið 2020, þar sem hún söng Papagenu í „Töfraflautunni“ eftir Mozart. Jóna er einn af stofnendum Kammeróperunnar sem er nýstofnað tónlistarfélag á Íslandi. Markmið Kammeróperunnar er að skapa vettvang fyrir smærri óperuverkefni. Jóna syngur einnig í Kammerkvarsettum á vegum félagsins sem hefur nú þegar verið öflugur í tónlistarlífinu á Íslandi. Í október 2022 fór hún með hlutverk Önnu í óperunni „Brothers“ eftir Daníel Bjarnason sem flutt var í Eldborg á vegum Íslensku óperunnar. Í sama mánuði fór Jóna með hlutverk Despinu í óperunni „Così fan tutte“ eftir Mozart, í fyrstu óperu uppfærslu Kammeróperunnar í Iðnó.



©Jónatan Grétarsson

Tónlist Jóhanns Jóhannssonar hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Iceland Airwaves 2014 þegar hljómsveitin og Jóhann fluttu Miners Hymns við samnefnda kvikmynd Bills Morrison. Í mars 2016 hélt hljómsveitin kvikmyndatónleika með tónlist Jóhanns og flutti m.a. hljómsveitarsvitur með tónlist hans úr Sicario, Prisoners og The Theory of Everything. Þá hljómaði brot úr síðastnefndu svíttunni á Klassíkinni okkar nú í haust þar sem þema tónleikana var kvikmyndatónlist. Hljómsveitin hljóðritaði A Prayer to the Dynamo í Eldborg haustið 2021 en verkið hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum hljómsveitarinnar.

Jóhann Jóhannsson

VIRÐULEGU FORSETAR

Jóhann Jóhannsson (1969-2018) hafði skipað sér sess sem eitt af virtustu kvikmyndatónskáldum samtímans þegar hann féll frá langt um aldur fram árið 2018. Hann vann þvert á tónlistarstefnur og strauma og átti mjög fjölbreyttan feril með margvíslegum hljómsveitum, m.a. HAM og Apparat Organ Quartet. Hann gaf út níu sólóplötur, samdi tónlist fyrir leikhús og tók þátt í margvíslegum tilraunakenndum verkefnum og viðburðum. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir tónlistina í The Theory of Everything árið 2014 og var jafnframt tilnefndur til Óskars-, BAFTA- og Grammy verðlaunanna fyrir þá mynd, og hefur einnig hlotið tilnefningar til þessara verðlauna fyrir fleiri myndir.

Caput frumflutti Virðulegu forseta á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju árið 2003. Í kjölfarið var verkið hljóðritað í kirkjunni og gefið út á samnefndri plötu, bæði á Íslandi og alþjóðlega, haustið 2004 en Jóhann vann svo sjónræna útfærslu á verkinu í myndlistarsafninu Safni í janúar 2005. Caput brass flutti síðast Virðulegu forseta í Hallgrímskirkju þann 19. september 2019 á 50 ára afmæli tónskáldsins.

Virðulegu forsetar (2003) er klukku tíma langt tónverk fyrir ellefu brasshljóðfæri, slagverk, orgel, píanó og rafhljóð en hér í kvöld verður upphafsstef verksins flutt án rafhljóða í aðlögun Daníels Bjarnasonar. Bygging verksins er samhverf og hringlaga en verkið hefst á hægu og virðulegu tíu takta stafi blásturshljóðfæranna. Þetta einfalda stef er svo endurtekið út allt verkið í margvíslegum útsetningum. Það hægist smám saman á tempóinu þar til um mitt verkið en þá hefur stefið fengið á sig ákveðinn sálmablæ. Í kjölfarið bætir smátt og smátt í hraðann á ný þar til hinum upphaflega hraða hefur verið náð. Rafhljóð krauma svo undir þessu stafi sem breytast hægt og rólega út verkið og saman skapa þessir hljóðfærahópar leiðslukennt verk.



Philip Glass

SINFÓNÍA NR. 1 „LOW“

Bandaríska tónskáldið Philip Glass (1937) hefur skipað sér í fremstu röð samtímatónskálda heims og liggur eftir hann gríðarlega stórt safn verka. Má nefna yfir þrjátíu óperur, fjórtán sinfóníur, þrettán einleikskonserta, margvísleg kammerverk, tónlist fyrir dans og kvikmyndir. Glass lék lykilhlutverk í þróun mínímalisma eða naumhyggju, sem var mikilvægur stíll á síðustu áratugum 20. aldarinnar. Mínímalismi einkennist af takmörkuðum efniviði sem er síendurtekinn og segja má að tónlistin sé hæg og hröð í senn, með kvikum hreyfingum sem breytast mjög hægt. Glass er þó ekki hrifinn af þessu hugtaki sjálfur og segist semja tónlist með „endurtekningu í fyrirrúmi.“ Hann hefur átt stóran þátt í að víkka út hugmyndir almennings um klassíska tónlist og hefur notið hylli á meðal áheyrenda sem hafa lagt meiri rækt við aðrar tónlistarstefnur en þá klassísku. Allt frá sjöunda áratugnum hefur hann átt í samstarfi við tónlistarfólk á sviði dægurtónlistar og þjóðlagatónlistar og þar má til dæmis nefna Leonard Cohen, David Bowie og Ravi Shankar.

Sinfónía nr. 1, sem hefur einnig verið kölluð Low sinfónían, er einmitt gott dæmi um það hvernig Glass hefur tengt saman ólíkar tónlistarstefnur. Sinfónían er byggð á og innblásin af plötunni Low sem David Bowie vann með Brian Eno. Sjálfur segir Glass að sinfónían sé eftir hann út frá tónlist Bowie og Eno („Music by Philip Glass from the music of David Bowie and Brian Eno“). Platan Low, sem sinfónían byggir á, kom fyrst út árið 1977 og olli hún straumhvörfum í rokktonlist þess tíma. Vinnuaðferðirnar sem Bowie og Eno nýttu sér svipuðu mikið til vinnuaðferða tilraunatónskálda á þeim tíma og höfðu hún til jafns til þeirra sem aðhylltust popp- og tilraunatónlist.

Brooklyn Philharmonic Orchestra pantaði verkið á sínum tíma en það var frumflutt af Junge Deutsche Kammerphilharmonie árið 1992. Verkið er í þremur köflum og heita

þeir eftir þeim lögum á Low sem þeir eru byggðir á og segir Glass eftirfarandi um vinnuaðferðir sínar:

„Ég nálgast þemun eins og þau væru mín eigin og leyfði þeim að þróast út frá mínum eigin tónsmíðaháttum þegar það var hægt. En í raun og veru hafði tónlist Bowie og Eno mikil áhrif á hvernig ég vann og það leiddi mig stundum að mjög óvæntum tónlistarlegum niðurstöðum. Ég held að niðurstaðan sé að þetta hafi verið raunverulegt samstarf.“

Sinfónían hefst á kaflanum „Subterraneans“ sem er jafnframt lokallag plötu Bowies. Í byrjun kaflans er Glass mjög trúr upprunalega laginu, eða eins langt og það nær þegar verið er að umskrifa lag, sem er flutt af hljóðgervli, fyrir símfóníuhljómsveit. Eftir því sem verkinu vindur fram fjarlægjumst við þó lag Bowies. Annar kaflinn, Some Are, byggir á samnefndu lagi sem birtist sem bónuslag á endurútgáfu Low árið 1991. Hér leyfir Glass sér að fanga andrúmsloftið og hljóðheiminn án þess þó að taka upp laglínuna beint í upphafi. Hún birtist þó í strengjum eftir tæpar tvær mínútur og verður að meginuppistöðu kaflans sem tónskáldið þróar áfram og leikur sér með. Hann fylgir þó formi lagsins, sem er í eins konar ABA formi, þar sem laglínun kemur fram í A hlutunum en B er eins konar úrvinnsla og frekar hugleiðing á efnivið A. Lokakaflinn er Warszawa, en lag Bowies er sagt endurspegla heimsókn hans til Varsjá og á hann að hafa beðið Eno að semja „mjög hægt og tilfinningaríkt verk með trúarlegri tilfinningu.“ Rétt eins og í fyrsta kaflanum, þá er Glass mjög trúr fyrirmyndinni til að byrja með í Warszawa og hið drungalega andrúmsloft kemst vel til skila. Eftir þriðjung kaflans birtir verulega yfir og syngjandi laglína í strengjum og flautum er allsráðandi um sinn. Eftir miðbik kaflans dregur þó fyrir sólu og myrkrið tekur yfir og hljóðfæri á dýpsta sviði fá að njóta sín í angurværum laglínunum. Sinfónían er í heild sinni lagrænni en mörg verka Glass og má ef til vill rekja það til fyrirmyndanna á plötunni Low. Þó eru höfundareinkenni Glass sterk og áheyrndur munu skynja vel mínímalismann sem hann er þekktur fyrir.

Tónlistin á Íslandi

Sinfónía nr. 1 er nú í fyrsta sinn flutt á Íslandi en fyrsta verk eftir Philip Glass sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti var Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit sem hljómaði á tónleikum sveitarinnar árið 2002 í meðförum Unu Sveinbjarnardóttur undir stjórn Bernhards Wilkinsonar. Víkingur Heiðar Ólafsson gaf út Philip Glass plötu með verkum fyrir píanó árið 2017 hjá Deutsche Grammophon og hélt útgáfutónleika það sama ár.

Jóhann Jóhannsson

ODI ET AMO

Odi et Amo (2001) samdi Jóhann Jóhannsson fyrir leikverk Hávars Sigurjónssonar, Englabörn, sem frumsýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu í september 2001. Samnefnd plata með tónlistinni úr uppsetninguni var fyrsta sólóplata Jóhanns og kom hún út í lok sama árs. Höfundur leikverksins lýsir tónlistinni sem óskaplega fallegri, að Jóhann hafi skapað skemmtilega andstæðu við innihald verksins sem er erfitt og átakanlegt, en þetta er fjölskyldusaga um sífjaspell. Hávar segir: „Þessi tónlist náði óskaplega vel þeim tóni sem lá þarna einhvers staðar á bakvið; sakleysinu sem væri verið að spilla.“

Odi et Amo er fyrsta og síðasta lag plötunnar og má segja að það rammi hana inn. Verkið er þar flutt af strengjaskvartett, píanói og tölvugerðum kontratenór sem syngur ljóð rómverska skáldsins Catullus (87-57 f. Kr.) „Odi et Amo“ sem mætti þýða sem „Ég hata og ég elska“. Þetta er eitt frægasta ljóð skáldsins, eins konar yfirlýsing á tilfinningum til ástkonu hans, Lesbia.

Ōdī et amō. Quārē id faciam fortasse requīris.

Ég hata og ég elska. Hvers vegna gætir þú spurt. Nescið, sed fierī sentiō et excrucior.

Ég veit það ekki en ég geri það og ég kvelst.

Segja má að verkið hverfist einmitt um þennan texta og sönginn og eru strengirnir í undirleikshlutverki til þess að byrja með en verkið er í ABA' formi. Söngurinn líður hægt og fallandi áfram og fylgja strengir sönglínunni eftir með þykkum hljóðum og löngum nótum. Á yfirborðinu er allt tært og stillt en undir niðri má skynja einhvern trega eða sorg. Í öðrum hlutanum er gert hlé á söngnum og vinna strengirnir úr sönglínunni á sinn eigin hátt. Dramatíkin vex og nær hápunkti þegar píanóið kemur inn með kontra-C sem það endurtekur það sem eftir er verksins. Söngurinn kemur aftur inn með sömu laglínunni en strengjasatsinn hefur þróast yfir í tremóló og eykur það enn frekar á tregann.

Tónlistin á Íslandi

Odi et Amo var fyrst flutt í leikverkinu Englabörnum í Hafnarfjarðarleikhúsinu í september 2001.

Jóhann gaf svo tónlistina út í janúar í upphafi árs 2002 og voru það Eposkvartettinn, Matthías Hemstock og Jóhann sjálfur sem léku. Sömu flytjendur fluttu tónlistina úr Englabörnum á ný þann 12. apríl 2003 þegar breska útgáfan Touch endurútgaf hana á heimsvísu. Tónleikarnir voru haldnir í Borgarleikhúsinu sem hluti af 5 ára afmælishátíð 12 tóna og voru þeir í 15:15 tónleikaröðinni. Sömu flytjendur endurtóku svo leikinn í Hallgrímskirkju sem hluta af Airwaves hátíðinni 17. október 2003.

Jóhann Jóhannsson

A PRAYER TO THE DYNAMO

Tónlistin á Íslandi

A Prayer to the Dynamo er nú flutt í fyrsta sinn á tónleikum á Íslandi. Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Daníels Bjarnasonar hljóðritaði verkið fyrir Deutsche Grammophon og kom platan út fyrr í mánuðinum.

A Prayer to the Dynamo (2012) eftir Jóhann Jóhannsson var pantað af Sinfóníuhljómsveitinni í Winnipeg (Kanada) og flutt á tónlistarhátíð hljómsveitarinnar fyrir nýja tónlist (New Music Festival) í febrúar 2012. Verkið hefur ekki verið flutt aftur fyrr en nú. Verkið er skrifað fyrir fulla sífóníuhljómsveit og má segja að það hafi markað ákveðin tímamót á ferli Jóhanns en þetta er stærsta og lengsta verkið sem hann skrifaði sem sjálfstætt verk, óháð söguframvindu kvikmynda eða leikverka. Þó er verkið ekki absólút tónlist í þeim skilningi að Jóhann hafi ekki byggt það á neinni hlutlægri fyrirmynd en hann sagði í viðtali fyrir frumflutning verksins að hann hefði alltaf einhverja mynd eða hugmynd til þess að vinna alla sína tónlist út frá. Í þessu verki sótti hann innblástur í kaflann „The Dynamo and the Virgin“ úr bók Henry Adams, *The Education of Henry Adams*. Þar lýsir höfundurinn á ljóðrænan hátt mystískri upplifun sinni á heimssýningunni í París árið 1900. Þar sótti hann sýninguna „Great Hall of Dynamos“ sem sýndi risastóra og nýlega rafla. Í kaflanum ber hann þessa upplifun sína saman við mátt trúarinnar. Jóhann tekur þessa kveikju og tengir við öll þau raforkuver sem má finna á Íslandi. Hann fer í sinn eigin rannsóknarleiðangur um verin og tekur upp hljóð í Elliðaárvirkjun sem heyra má í verkinu og má túlka sem virðingarvott við tækni fortíðar. Jóhann vefur þessum upptökum við strengjamassa, kóralhljóma í málmblásturshljóðfærum og loftkenndum stefjum í trúblásturshljóðfærunum. Þessi margbrotni og mikilfenglegi hljóðskúlptúr ber með sér áru handanheims þar sem hinu mennska og hinu vélvædda er steipt saman. Segja má að með A Prayer to the Dynamo ljúki þrileik Jóhanns tengda þema gamallar tækni en hin verkin eru IBM 1401, A User's Manual (2002) og Fordlandia (2008).

Þorbjörg Daphne Hall

Önnu-tvenna

05.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Anna og Elgar

Á tónleikunum hljómar hinn margrómaði sellókonsert Edwards Elgars í flutningi austurríska sellóleikarans Kians Soltani, sem íslenskir tónleikagestir fengu að kynnað vorið 2022 þegar hann lék sellókonsert Schumanns við mikinn fögnuð.

Meðal þeirra fjölmörgu sem sellókonsert Elgars hefur hrifið með sér í gegnum tíðina er Anna Þorvaldsdóttir tónskáld, sem kynntist verkinu sem ungur sellónemandi í Borgarnesi. Sem kunnugt er átti Anna eftir að gera tónlistina að ævistarfi með glæsilegum árangri. Á þessum tónleikum hljómar, ásamt sellókonserti Elgars, AÍÖN-sinfónía Önnu en hún byggir á verkinu AÍÖN sem Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti ásamt Íslenska dansflokknum árið 2021. Þá flétt-aðist dansverk Ernu Ómarsdóttur saman við hljóðfæraleik hljóm-sveitarinnar.

Anna Þorvaldsdóttir hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í ársbyrjun 2018 og er þessum tónleikum, ásamt tónleikum í Hallgrímskirkju daginn eftir, ætlað að fagna þessu gjöfule samstarfi með því að flytja verk hennar samhliða öðrum stórvirkjum úr tónlistarsögunni.



06.10 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00

Archora í Hallgrímskirkju

Þessir föstudagstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hallgrímskirkju eru helgaðir verkum Önnu Þorvaldsdóttur og haldnir í samstarfi við Hallgrímskirkju. Þar hljómar í upphafi hljómsveitarverkið METACOSMOS, þar sem fegurð og óreiða takast á. Þá tekur við innilegur sálmur Önnu fyrir kór, Heyr þú oss himnum á, og Ad Genua við ljóð Guðrúnar Evu Mínervudóttur, fyrir sópran, kór og strengjasveit. Bryndís Guðjónsdóttir sópransöngkona syngur ásamt Kór Hallgrímskirkju en stjórnandi hans er Steinar Logi Helgason. Að lokum verður hljómsveitarverk Önnu, ARCHORA, flutt undir stjórn Evu Ollikainen en Eva hélt einnig um tónsprotann við heimsfrumflutning verksins á Proms, tónlistarhátið breska ríkisútvarpsins BBC, í Royal Albert Hall sumarið 2022. Verkið var flutt í orgellausri útgáfu í Eldborg haustið 2022 en að þessu sinni fær hið glæsilega Klais-orgel Hallgrímskirkju að njóta sín.

Á döfinni

12.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eldbjørg og Tortelier

Yan Pascal Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2016–2019 og snýr nú aftur með spennandi efnisskrá í farteskinu þar sem tilfinningaþrungin og glæsileg tónlist frá Frakklandi og Finnlandi er í aðalhlutverki. Einleikari á tónleikunum er hin unga, norska fiðlustjarna Eldbjørg Hemsing sem á undanförunum árum hefur haslað sér völl sem einn kraftmesti fiðluleikari sinnar kynslóðar í Evrópu.

Hún leikur hér hinn ægifagra fiðlukonsert Sibelíusar, ástaröð tónskáldsins til hljóðfærisins þar sem hugmyndaflug og einstakt tónmál hans nýtur sín til fulls. Tónleikarnir hefjast á hrifandi en sjaldheyrðum forleik franska tónskáldsins Gabriels Fauré að óperunni Pénélope frá 1913, sem samin var upp úr efni Ódysseifskviðu. Eftir hlé verður frumflutt verk eftir Yan Pascal Tortelier sjálfan, fyrir einleiksfiðlu og hljómsveit en svo hljómar hin stórbrotna Sinfónía í B-dúr eftir Ernest Chausson en verk hans búa jafnan yfir bæði dramatískri stærð og ljóðrænni fágun.

19.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eric Lu leikur Mozart

Kínversk-bandaríski píanóleikarinn Eric Lu hefur á undanförunum árum skotist hátt upp á stjörnuhimin píanóheimsins en árið 2018 þar hann sigur úr bítum í hinni virtu Leeds-píanókeppni, þá aðeins títugur. Lu hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir dýpt og fágun í túlkun sinni, ekki síst í verkum Mozarts. Á þessum tónleikum leikur hann einmitt síðasta píanókonsertinn Mozarts, nr. 27 í B-dúr, verk sem geislar af hlýju og mannskilningi.

Eftir hlé hljómar fyrst hinn kraftmikli og áleitni tvöfaldi konsert Bohuslavs Martinú fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur, saminn á viðsjárverðum tímum í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar. Tónleikunum lýkur á gerólíku verki, Sinfóníu nr. 8 eftir Antonín Dvořák, sem margir telja þá innlegustu og frumlegustu af níu sífóníum hans, en verkið er uppfyllt af hrifandi náttúrumyndum og fuglasöng. Hljómsveitarsjtóri er Tomáš Hanus en hann er meðal fremstu hljómsveitarstjóra Tékklands af sinni kynslóð.

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir

2. fiöla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Łucja Koczot
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástrádsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Dagbjört Ingólfsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Maximilian Riefellner
Raimund Zell

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Mathias Halvorsen

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Rafhljóð

Viktor Orri Árnason

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Önnu-tvenna

5. OG 6. OKTÓBER

Í október verður samstarfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Önnu Þorvaldsdóttur staðartónskáld fagnað með sérstakri Önnu-hátíð. Tvennir tónleikar verða haldnir, í Hörpu og Hallgrímskirkju, þar sem verk Önnu fyrir hljómsveit og kór verða flutt.

Anna hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár. Tónleikarnir í Hallgrímskirkju voru valdir á lista BBC Music Magazine yfir áhugaverðustu tónleika í Evrópu í vetur. Ekki missa af þessum einstöku tónleikum.


MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

NEW ALBUM ON DEUTSCHE GRAMMOPHON



JÓHANN
JÓHANNSSON
A PRAYER
TO THE
DYNAMO

ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA
DANIEL BJARNASON



Out now as CD, Vinyl & Streaming

STAGE+
www.stage-plus.com



Photo © Jónatan Grétarsson